

Almennur sveitarfundur í Húnavatnshreppi.

Sveitarfundur haldinn á Húnavöllum 28.apríl 2011 kl. 20.30

Dagskrá fundarins:

1. Setning fundar, skipan starfsmanna.
2. Skýrsla oddvita.
3. Kynning á ársreikningum sveitarfélagsins og umræður um þá.
4. Vinnuferli vegna samreksturs skólastofnana á Húnavöllum.
5. Almennar umræður um málefni sveitarfélagsins.
6. Fundarslit.

1. Setning fundar, skipan starfsmanna.

Þóra Sverrisdóttir, oddviti Húnavatnshrepps setti fundinn bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Jóhann Guðmundsson stjórnaði fundi og Þorleifur Ingvarsson ritaði fundargerð.

2. Skýrsla oddvita.

Þóra Sverrisdóttir fór yfir starf sveitarfélagsins á árinu. Rakti Þóra helstu framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og mannbreytingar í leikskólanum Vallabóli og Húnavallaskóla. Þá ræddi Þóra um vinnu við skipulagsmál og hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga. Þóra fjallaði síðan um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og þá stöðu sem komin er upp vegna mikils samdráttar á tekjum vegna niðurskurðar á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Hún nefndi einnig útboð á skólaakstri og skipulagsbreytingar í skólamálum í sveitarfélaginu. Þóra fór einnig yfir stöðu mála á Hveravöllum og Húnaveri, samstarf við nágrannasveitarfélög ofl.

3. Kynning á ársreikningum sveitarfélagsins og umræður um þá.

Jens P Jensen sveitarstjóri fór yfir reikninga Húnavatnshrepps árið 2010. Þar kom fram að tap á samstæðureikningi var 5,5 milljónar kr, handbært fé 31.12.2010 var 119,6 mkr.. Eignir samtals 31.12.2010 voru 462 millj.kr og skuldir 125 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins þann 31.12. 2010 var 343,0 millj.kr. Þá fór Jens yfir rekstur einstakra málaflokka og lykiltölur í rekstri sveitarfélagsins.

Gunnar Kristjánsson spurði um gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og ofl.

4. Vinnuferli vegna samreksturs skólastofnana á Húnavöllum.

Jens Pétur Jensen rakti þá vinnu sem fram hefur farið vegna samreksturs skólastofnanna á Húnavöllum.

Þór Sævarsson spurði um sparnað við fyrirhugaðan samrekstur. Pétur Pétursson kynnti afstöðu stjórnar foreldrafélags Húnavallaskóla og spurði um aðkomu skólaráðs Húnavallaskóla að málinu. Þá ræddi Pétur um hugsanlega skaðabótaskyldu sé ekki staðið rétt að málinu. Guðjón Ólafsson svaraði Pétri varðandi hlutverk skólaráðs og ræddi um ýmsar leiðir við sameiningu skólastofnana. Jens svaraði framkominni fyrirspurn.

5. Almennar umræður um málefni sveitarfélagsins.

Sverrir Sverrisson spurði um útboð vegna skólaaksturs. Gunnar Kristjánsson ræddi um sameiningu skólastofnanna og ræddi um möguleika á samvinnu við Blönduós í skólamálinu þá setti Gunnar út á heimasíðu sveitarfélagsins. Þórhalli Haraldsson spurði um opna gáma á vegum sveitarfélagsins. Grímur Guðmundsson kynnti afstöðu starfsmanna Húnavallaskóla og Vallabóls til ráðningar á skólastjóra en þeir hafa flestir ritað undir áskorun til sveitarstjórnar um að Þorkell Ingimarsson verði ráðinn skólastjóri við sameinaða skólastofnun.

Þóra Sverrisdóttir útskýrði afstöðu meirihluta hreppsnefndar varðandi útboð á skólaakstri. Einnig ræddi Þóra um samvinnu við Blönduós varðandi skólamál, einnig um heimasíðu, skólastjóraráðningu ofl.

Jens ræddi um heimasíðu sveitarfélagsins, opna gáma á vegum sveitarfélagssins og svaraði spurningum um sorphirðumál. Þá sagði Jens frá könnun sem gerð var á sl. ári um mögulegan sparnað við samrekstur grunnskóla á Blönduósi og Húnavöllum. Þóra kynnti hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga á Norðurl. vestra. Guðjón Ólafsson ræddi um verklag við skólastjóraráðningu einnig um hagkvæmnisathugun á samrekstri skóla með Blönduós. Pétur Pétursson spurði um útboð vegna skólaaksturs og hversvegna gengið hafi verið framhjá lægstbjóðendum á sumum leiðum þá ræddi Pétur um skólastjóraráðningu og hvatti til þess að núverandi skólastjóri verði ráðinn. Birkir Freysson tók undir með Pétri varðandi skólastjóraráðningu. Brynjólfur Friðriksson ræddi um útboð vegna skólaaksturs og tók undir með Pétri varðandi skólastjóraráðningu. Þá hvatti Brynjólfur til þess að könnun verði gerð á hug íbúanna varðandi sameiningu sveitarfélaga. Gunnar Kristjánsson ræddi um sameiningu sveitarfélaga. Sig. Ingi Guðmundsson setti út á verklag hreppsnefndar við skólastjóraráðningu og hvatti til þess að Þorkell verði ráðinn skólastjóri við sameinaða skólastofnun einnig gagnrýndi Ingi framkvæmd á útboði á skólaakstri.

Jens svaraði spurningum varðandi útboð á skólaakstri og einnig um feril við ráðningu á skólastjóra og biðlaunarétt skólastjóra.

Þór Sævarsson ræddi um skólaakstur og lagði fram spurningar varðandi útboð á skólaakstri. Birkir Freysson ræddi um fræðslunefnd.

Þóra svaraði spurningum um útboð á skólaakstri og einnig um skólastjóraráðningu.

Birgir Ingbórsson gerði grein fyrir fyrirhugaðri vinnu fræðslunefndar vegna ráðningar á skólastjóra. Sig. Ingi Guðmundsson setti út á fyrirhugaðan vinnuferil fræðslunefndar við skólastjóraráðningu. Þá ræddi Ingi um skólaakstur. Guðjón Ólafsson ræddi um feril við skólastjóraráðningu. Brynjólfur Friðriksson ræddi um skólaakstur og útboð á honum einnig spurði Brynjólfur um atvinnumál á svæðinu.

Jens svaraði framkomnum fyrirspurnum. Þóra svaraði framkomnum fyrirspurnum og ræddi um starf hreppsnefndar einnig ræddi Þóra um stöðu mála varðandi atvinnumál í héraðinu. Að lokum þakkaði Þóra fyrir ágætan fund.

6. Fundarslit.

Jóhann þakkaði mönnum fundarsetuna og sleit fundi.

Þorleifur Ingvarsson, fundarritari.